



Drög að ályktun um heilbrigðismál fyrir 7. þing SGS

Heilbrigðiskerfið er einn af hornsteinum samfélagsins – hluti af samfélagssáttmálanum og aðgangur fólks að góðri heilbrigðisþjónustu er ein af forsendum byggðar í landinu. Sáttmálinn kveður á um að öllum landsmönnum sé tryggð nauðsynleg heilbrigðisþjónusta óháð efnahag eða öðrum aðstæðum. Að allir landsmenn eigi sama rétt til þjónustu í „kerfinu“, sem að stærstum hluta er fjármagnað með sameiginlegum sjóðum.

Á undanförunum árum hefur verulega verið dregið úr þjónustu við þá sem á þurfa að halda, ekki hvað síst á landsbyggðinni. Það leiðir af sér að íbúar í dreifbýlinu þurfa oft að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi, til að sækja sér sjálfsagða heilbrigðisþjónustu. Hið sama á við þurfi aðstandendur sjúklinga að fylgja þeim, þá er það algjörlega á þeirra eigin kostnað þar sem greiðsluþátttökukerfið tekur takmarkað tillit til ferða og dvalarkostnaðar fólks af landsbyggðinni. Það er ömurleg staðreynd að margir Íslendingar búi við þetta mikla óöryggi og þurfi auk þess að neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, sökum kostnaðar. Það er einfaldlega óásættanlegt árið 2019 og íslensku samfélagi til háborinnar skammar.

Á sama tíma að það er fagnaðarefni að auknu fjármagni er veitt til að hraða uppbyggingu á nýjum Landsspítala, er alvarlegt áhyggjuefni að rekstrarfé sjúkráðsins er af skornum skammti. Alþjóðlegur samanburður á fjármögnun heilbrigðisstofnanna hér á landi við sambærilegar stofnannir erlendis, hefur ítrekað staðfest að rekstrargrunnur þeirra er of þröngur. Eftir er að semja við þorra starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, og gerir fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp ekki ráð fyrir eðlilegum launabótum til spítalans 2020 til 2022. Langvarandi niðurskurður kemur niður á gæðum þjónustu – og öryggi sjúklinga.

Það er óásættanlegt með öllu að fjármagna eigi eðlilegar kjarabætur með niðurskurði á þjónustu og auknu álagi á starfsfólk. Starfsgreinasambandið mun aldrei samþykkja að aðhaldsaðgerðum í heilbrigðiskerfinu verði mætt með þeim hætti. Heilbrigðisþjónusta þarf að vera skilvirk og hagkvæm, auk þess sem tryggja verður öfluga nærþjónustu heilbrigðisstofnanna í heimabyggð.